

Námsáætlun fyrir íslensku - 1. bekkur skólaárið 2019 – 2020



Kennarar: Kristín Hrund Davíðsdóttir og Svanhildur Skúladóttir

Tímafjöldi: 9 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Við lok 1. bekkjar getur nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi - tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum - beitt skýrum og áheyrilegum framburði - tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar - sagt frá eftirminnilegum atburði og endursegja efni sem hlustað hefur á eða lesið 	<p>Málörvun fer fram á hverjum degi þar sem áhersla er lögð á hlustunarleiki, rím, orða- og setningagreiningu, samstöfur og hljóðgreiningu (samtenging / sundurgreining).</p> <p>Nemendur fá tækifæri til að tjá sig fyrir framan skólasystkini sín og segja frá eigin reynslu og upplifun. Einnig eru þeir hvattir til að tala skýrt og segja skipulega frá, hlusta með athygli og sýna flytjendum tillitssemi.</p>	
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> - beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr - eftl góðan orðaforða og málskilning - valið sér lesefni til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga - þekkt ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum 	<p>Lögð er áhersla á lestur, stafi og hljóð, umskráningu, lesfimi, orðaforða og lesskilning.</p> <p>Í upphafi skólaárs er stafa- og hljóðakunnátta nemenda könnuð ásamt færni í umskráningu, hljóðgreiningu, rími og öðru sem viðkemur lestri.</p> <p>Jafnframt er stuðst við Leið til læsis, sem er staðlað lesskimunarpróf sem veitir fjölþætt stuðningskerfi í lestrarkennslu. Markmið þess er að fylgjast með lestrarþróun hvers nemenda. Skimanir eru lagðar fyrir nemendur í september og út frá henni er öllum árgangnum raðað í þrjá hópa eftir lestrargetu. Þannig fær hver nemandi</p>	<ul style="list-style-type: none"> - könnun á stafa/hljóðakunnáttu nemenda gerð við upphaf skólagöngu - Lesferill og sjónrænn orðaforði: Lagt fyrir í september, janúar og maí. - Orðleysupróf lagt fyrir eftir þörfum ásamt leið til læsis lestrarpróf og nefnuhraði orða í janúar.

	<ul style="list-style-type: none"> - eftt lesskilning með því að vinna fjölbreytt verkefni við hæfi - kynnst hugtakakortum 	<p>kennslu við sitt hæfi. Þeir sem þurfa að bæta sig miðað við niðurstöður kannana fara í námsver 3 - 4 sinnum í viku.</p> <p>Við lestrarkennsluna er stuðst við hljóðaðferðina en hugmyndir úr öðrum kennsluaðferðum eru einnig nýttar. Einn bókstafur er lagður inn á viku ásamt algengustu orðmyndunum. Nemendur vinna með tengingu bókstafanna, orð og setningar. Fljótlega fá allir lestrarbækur í samræmi við getu. Þá eru lestrarstundir í skólanum og þar er lestur þjálfaður í lestrarbókum og vinnubókum. Nemendur lesa heima daglega og foreldri/forráðamaður kvittar fyrir lesturinn. Nýttar verða ýmsar lestraraðferðir s.s. paralestur, kórlestur, endurtekinn lestur, hljóðlestur og samlestur.</p> <p>Stöðug og dagleg eftirtekt orða er einnig mikilvægur þáttur fyrir læsi og lestrarkennslu.</p> <p>Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Nemendur hafa greiðan aðgang að bókum við sitt hæfi í skólastofunni sem þeir geta skoðað eða lesið. Nemendur heimsækja bókasafnið reglulega og velja sér bók til að lesa í heima og í skóla.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - markviss skráning á lestrarframvindu nemenda allt skólaárið. <p>Viðmið í lestri að vori eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> • 90% nemenda eiga að ná að lesa 20 orð á mínútu. • 50% nemenda eiga að ná að lesa 55 orð á mínútu. • 25% nemenda eiga að ná að lesa 75 orð á mínútu.
<p>Ritun</p>	<ul style="list-style-type: none"> - samið texta út frá eigin brjósti - dregið rétt til stafs og skrifa skýrt og læsilega - tamið sér vandvirkni og góðan frágang 	<p>Mikilvægt er að kenna og þjálfa lestur og ritun samhliða, allt frá upphafi skólagöngu til loka hennar og byggja upp stigvaxandi hæfni í ritun.</p> <p>Á fyrstu námsári felst ritunarnámið að mestu leyti í því að draga rétt til stafs, þekkja skriftaráttina og þjálfa fínhreyfingar. Nemendur eru hvattir til að skrifa texta/orð og efla þannig um leið hljóðavitund og tengsl stafa og</p>	<p>Skriftapróf í janúar og maí.</p>

		hljóða. Kennslan byggir mikið á ritun og rituðum texta sem nemendur hafa sjálfir samið út frá eigin reynslu. Áhersla er lögð á frjálsa ritun þar sem nemandinn teiknar mynd og skrifar texta út frá henni. Nemendur vinna verkefni í sögubók einu sinni til tvisvar í mánuði, þeir kynna svo verk sín munnlega fyrir öðrum nemendum. Nemendur vinna ýmsar krotæfingar. Áhersla er lögð á rétt grip á skriffærum og rétta líkamsstöðu. Kennd er ítölsk skrift með tengikrókum.	
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> - beitt töluðu máli af nokkru öryggi og ráða yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska - þekkt og finna helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein - lært íslenska stafrófið - þekkt hugtökin orð, hljóð, samsett orð, setning og málsgrein - þekkt muninn á sérhljóða og samhljóða - leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki 	Málfræðin samþættist öðrum þáttum móðurmálskennslunnar. Lögð er áhersla á að styrkja orðaforða nemenda og máltilfinningu þeirra. Málvitund barnanna er styrkt í gengum leik s.s. rím og orðaleikjum.	Ekkert námsmat
Námsgögn: Lestrarbækur, Lestrarlandið,			

Listin að lesa og skrifa,
Við lesum A, lestrarbók og vinnubók
sögubækur,
ýmis lög og ljóð,
þjóðsögur og ævintýri,
myndbönd,
Spjaldtölvur
www.mms.is ,
Skriftarbókin mín og forskrift,
verkefnablöð frá kennara,
Stóra sögubókin.

Heimavinna:

Daglegur lestur í bókum úr bókasafni kennarans.

Nemendur skrifa sögur heima í sögubók og lesa þær upphátt í skólanum. Foreldrar aðstoða við að skrifa heima og þau sem eru ekki læs lesa með aðstoð kennara.

Lokanámsmat:

Könnun á stafa/hljóðakunnáttu nemenda í upphafi skólagöngu.

Lesfimi, orðleysupróf og sjónrænn orðaforði: Lagt fyrir í september, janúar og maí.

Lesskimunarpróf lagt fyrir í október.

Próf í nefnuhraða orða lagt fyrir í janúar.

Skriftapróf lagt fyrir í janúar og maí.

Lesskilningspróf að vori.

Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D.